

23.9.2014

**Varðar 144. löggjafarþing 2014–2015.
Þingskjal 13 — 13. mál.**

**Tillaga til þingsályktunar
um aðgerðir til að efla lítil og meðalstór fyrirtæki
og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði.**

Undirritaður fagnar þessari tillögu til þingsályktunar. Einkum er tekið undir síðasta kaflann er varðar eflingu verk- og tæknináms.

Þess ber að gæta að til þess að unnt sé að efla verk- og tækninám á framhaldsskólastigi er mikilvægt að skólum sé gert kleift að 1) taka við fleiri nemendum í verknám, 2) og bæta og uppfæra aðstöðu, búnað og tæki en slíkt hefur þurft að sitja á hakanum í mörg ár. 3) Þá er mikilvægt að nemendum á landsbyggðinni, sem ekki gefst kostur á að sækja slíkt nám í heimabyggð, sé með einhverjum hætti gert kleift að sækja námið í þeim skólum sem bjóða upp á slíkt. Væri það unnt með því að skipuleggja fjar- og dreifnám auk fleiri úrræða sem skoða þarf vandlega.

Mikilvægt er jafnframt að lögð sé áhersla á að efla samstarf atvinnulífs og skóla.

Með góðri kveðju,

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari VMA og formaður Félags íslenskra framhaldsskóla